

Hverfisráð Hríseyjar

7. fundur

Ár 2007, mánudaginn 16.apríl kl. 16:15 var sjöundi fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Drífa Þórarinsdóttir, Linda María Ásgeirsdóttir, Theódóra Kristjánsdóttir og Unnsteinn Kárason, kl. 17 kom Kristinn Árnason
Drífa Þórarinsdóttir varaformaður setti fundinn og bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Innsend bréf

1.1. Kynnt var bréf frá Jóhönnu Maríu Agnarsdóttur skólastjóra, þar sem hún vekur athygli á stöðu bókasafnsins í Hrísey eins og hún er í dag
“Ákveðið að senda Akureyrarstofu erindi um málið og óska eftir að bókasafnið verið tekið út af fagmönnum og safninu fundið viðunandi rekstrarform”

2. Staðardagskrá 21

Vinna við staðardagskrá 21 haldið áfram.

Enn eru nokkur atriði óljós og senda þarf verkefnastjóra fyrirspurn um þau.

Ýmsar umræður urðu um staðardagskrána og umferðarmál, eftirfarandi var bókað:

“Hverfisráð Hríseyjar gerir það að tillögu sinni að allar hellulagðar götur í Hrísey verði að “vistgötum”.

3. Gjaldtaka fyrir kalt og heitt vatn

Gjaldskrár ræddar.

4. Frágangur á Sólvallagötu, Miðbraut og leikvelli v/Miðbraut

Ekki vannst tími til að ljúka frágangi við Miðbraut, Skólaveg og Sólvallagötu sl. haust. Komið hafa fram hugmyndir um hvort ekki megi helluleggja að lóðamörkum.

“Formanni og varaformanni falið að skrifa bréf til framkvæmdadeildar og koma þessum óskum á framfæri, einnig óskað eftir upplýsingum um hvenær verklok séu áætluð á endurnýjun leikvallarins við Miðbraut”

5. Önnur mál

Drífa kynnti ýmsar tillögur sem bárust frá Þorgeiri Jónssyni. Málið rætt og ákveðið að skoða þær nánar og taka fyrir á næsta fundi.

Komið hefur í ljós að steypa hefur verið losuð í fjöruna við Norðurgarðinn og er þetta töluvert áberandi á klöppunum. Nauðsynlegt er að hafa samband við framkvæmdaaðila og láta vita af þessu og finna lausn á þessu máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.18:30

Kristinn Fr. Árnason
Drífa Þórarinsdóttir
Linda María Ásgeirsdóttir
Theódóra Kristjánsdóttir
Unnsteinn Kárason

Fundargerð skráð í tölvu af
Guðrúnu Kristjánsdóttur

